

Bæjarráð



3830. fundur

07. desember 2023 kl. 08:15 - 09:53

Fundarsalur á 1. hæð í Ráðhúsi

Nefndarmenn

Heimir Örn Árnason formaður

Hulda Elma Eysteinsdóttir varaformaður

Hlynur Jóhannsson

Sunna Hlín Jóhannesdóttir

Hilda Jana Gísladóttir

Jón Hjaltason áheyrnarfulltrúi

Jana Salóme I. Jósepsdóttir áheyrnarfulltrúi

Starfsmenn

Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri

Olga Margrét Kristínard. Cilia lögfræðingur

Inga Þöll Þórgnýsdóttir bæjarlögmaður ritaði fundargerð

1. Skólahald í Grímsey 2023

Málsnúmer 2023081277

[Vakta málsnúmer](#)

Liður 3 í fundargerð bæjarráðs dagsettri 23. nóvember 2023:

Liður 12 í fundargerð fræðslu- og lýðheilsuráðs dagsettri 13. nóvember 2023:

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsuráðs vegna skólahalds í Grímsey.

Fræðslu- og lýðheilsuráð samþykkir fyrir sitt leyti að endurvekja skólahald í Grímsey á vorönn 2024, að því gefnu að þrír nemendur ætli að hefja þar skólagöngu. Staðan verður endurmetin í maí 2024.

Fræðslu- og lýðheilsuráð vísar málinu til bæjarráðs.

Kristín Jóhannesdóttir sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs sat fund bæjarráðs undir þessum lið.

Bæjarráð felur sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs að afla frekari upplýsinga um málið og leggja fyrir bæjarráð í næstu viku.

Á fundi bæjarráðs var lagt fram minnisblað Kristínar Jóhannesdóttur sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs dagsett 5. desember 2023. Hún sat jafnframt fund bæjarráðs undir þessum lið.

Bæjarráð leggur áherslu á samfellda skólagöngu barna og greiðan aðgang að frístundastarfi í samræmi við barnalög nr. 76/2003 og því sé réttast að barn gangi aðeins í einn skóla, þar sem aðgangur að frístundastarfi er góður. Þó ríkir skilningur á aðstæðum fjölskyldna, þar sem annað foreldri stundar sína atvinnu að stórum hluta í Grímsey. Vilji er til að koma til móts við foreldra barna sem eiga búsetu í Grímsey með auknum sveigjanleika til náms með stuðningi frá skóla barns, í allt að þrjár vikur á önn. Felur bæjarráð sviðsstjóra fræðslu- og lýðheilsusviðs að skapa þá umgjörð í samstarfi við skóla barnanna og kynna hana foreldrum.

Upplýsingaöflun hefur leitt í ljós að ekki séu forsendur til skólahalds í Grímsey.

2. Byggðakvóti handa Hrísey og Grímsey - fiskveiðiárið 2023-2024

Málsnúmer 2023120068

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram erindi dagsett 1. desember 2023 frá matvælaráðuneytinu þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til Grímseyjar og Hríseyjar fiskveiðiárið 2023-2024. Sveitarfélögum er gefinn frestur til 29. desember nk. að senda ráðuneytinu tillögur að sérreglum um byggðakvóta í einstökum byggðarlögum.

Bæjarráð óskar eftir að veitt verði undanþága í 6. gr. reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024 nr. 852/2023. Óskað er eftir því að vinnsluskylda á byggðakvóta verði felld niður í sérreglum Akureyrarbæjar um úthlutun byggðakvóta í Grímsey.

Rökin fyrir beiðninni eru einkum þau að Grímsey hefur verið skilgreind sem brothætt byggð og í dag er engin vinnsla starfandi í Grímsey en landaður afli er umtalsverður og er hann fluttur í burtu til vinnslu í landi.

Ekki hefur verið talinn grundvöllur til að reka vinnslu í eyjunni með það magn sem þar kemur á land í dag. Í dag eru nánast allir þeir sem stunda sjósókn og landa í Grímsey búsettir í eyjunni og allar útgerðirnar sem þar landa eru með lögheimili í eyjunni. Það þjónar hagsmunum byggðarinnar í Grímsey að vinnsluskyldan verði felld niður í ljósi núverandi stöðu annars yrði engum byggðakvóta úthlutað í eyjunni.

Ekki er óskað eftir breytingum á reglugerð um úthlutun byggðakvóta í Hrísey.

Fylgiskjöl:

[Akureyrarbær.pdf](#)

3. SSNE - næstu skref vegna líforkuvers - drög að viljayfirlýsingu

Málsnúmer [2023021295](#)

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram minnisblað frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur framkvæmdastjóra SSNE um stöðu og næstu skref vegna lífuorkugarða. Stjórn SSNE hefur samþykkt að í desember verði haldinn aðalfundur í félaginu Líforkugarðar ehf. þar sem skipuð verði formleg stjórn þess. Óskað er eftir að Akureyrarbær tilnefni fulltrúa í stjórnina.

Kristín Helga Schiöth verkefnastjóri hjá SSNE sat fund bæjarráðs undir þessum lið.

Bæjarráð tilnefnir Heimi Örn Árnason formann bæjarráðs sem fulltrúa Akureyrarbæjar í stjórn Líforkugarða ehf. og Hildu Jönu Gísladóttur bæjarfulltrúa til vara.

Fylgiskjöl:

[Minnisblað Líforkugarðar nóv 2023.pdf](#)

4. Bæjarráð - fundaaætlun 2022-2026

Málsnúmer 2022060415

[Vakta málsnúmer](#)

Lögð fram tillaga að fundaaætlun bæjarráðs 2024.

Bæjarráð samþykkir framlagða tillögu að fundaaætlun bæjarráðs þar sem gert er ráð fyrir 38 föstum bæjarráðsfundum á árinu 2024 skv. 1. mgr. 28. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar nr. 1674/2021. Þá er gert ráð fyrir að hægt sé að halda fundi bæjarráðs í sex tilvikum í kringum frídaga og fjármálaráðstefnu ef nauðsyn krefur. Að lokum er lagt til að frá 12. júlí til 5. ágúst liggi fundir bæjarráðs niðri vegna sumarleyfa.

5. Sérstakt atvinnuáttak 2023

Málsnúmer 2023040343

[Vakta málsnúmer](#)

Kynnt tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun fyrir 102 1980 Atvinnuáttak.

Halla Margrét Tryggvadóttir sviðsstjóri mannauðssviðs sat fund bæjarráðs undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun vegna málsins og felur sviðsstjóra fjársýslusviðs að vinna viðaukann.

Fylgiskjöl:

[Minnisblað bæjarráð viðauki 102 1980 4 12 2023.pdf](#)

6. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - fundargerðir 2023

Málsnúmer 2023011346

[Vakta málsnúmer](#)

Lögð fram til kynningar fundargerð 938. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 24. nóvember 2023.

Bæjarráð tekur undir svohljóðandi bókun stjórnar Sambandsins í lið 3 á fundi nr. 938 og hvetur til þess að farið verði í þessa vinnu sem fyrst:

Stjórn Sambandsins leggur áherslu á að mótuð verði heildstæð stefna um

þjónustu við börn og foreldra frá 12 mánaða aldri, með aðkomu ríkis og sveitarfélaga. Mikilvægt er að horfa til jafnréttissjónarmiða, samfélagslegra þarfa og aðkomu ríkisins vegna þjónustu sveitarfélaga við börn frá 12 mánaða aldri.

Fylgiskjöl:

[stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga - 938.pdf](#)

7. Tillaga til þingsályktunar um Gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra. 402. mál

Málsnúmer [2023111265](#)

[Vakta málsnúmer](#)

Lagt fram til kynningar erindi dagsett 28. nóvember 2023 frá velferðarnefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um Gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra 402. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 11.12. nk. á netfangið nefndasvid@althingi.is.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/154/s/0416.html>